

BN/kb
B.557/98

Reykjavík 13. nóvember 1998

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, 114. mál, refsíabyrgð lögaðila.

Ekki gefst tækifæri til þess að rökstyðja umsögn um þetta lagafrumvarp ítarlega og verður því stiklað á stóru.

I.

- Refsíabyrgð lögaðila er þekkt í íslenskri löggjöf.
- Rétt þykir að refsíabyrgð lögaðila verði áfram til í löggjöfinni. Hins vegar er ástæða til að kanna rækilega við lagasetningu hverju sinni hvort efni sé til að mæla fyrir um refsíabyrgð lögaðila á viðkomandi sviði.
- Ástæða sýnist til þess að hyggja að því, um leið og almenn ákvæði um refsíabyrgð lögaðila eru sett í almenn hegningarlög, hvort fella eigi brott með öllu eða í aðalatriðum úr íslenskri löggjöf ákvæði um hlutlæga ábyrgð einstaklinga, m.a. á þeim forsendum að refsíabyrgð lögaðila geti komið í staðinn og hafi fullnægjandi varnaðaráhrif. Í 53. gr. almennra hegningarlaga eru jafnvel orð sem gefa til kynna að refsíabyrgð einstaklinga kunní að vera hlutlæg þar sem segir: "...nema háttsemi sé manni ósaknæm...". Að vísu verður ekki talið að slík ákvæði brjóti gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrár eða ákvæðum mannréttinasáttmála Evrópu, en ætla verður að þessi ákvæði, sem heimila að einstaklingar sem enga sök eiga á að lögbrot var framið verði beittir refsingum fyrir löbrotið, séu nú andstæð megin hugmyndum um réttlæti og ríkjandi sanngirnissjónarmiðum varðandi ákvörðun refsinga. Í þessu sambandi er bent á dóm Hæstaréttar Íslands 1995:3149 þar sem skipstjóri var sýknaður af ákæru fyrir fiskveiðabrot þar eð stýrimaður skipsins hafði verið við skipsstjórn á þeim tíma sem brot var framið en skipstjórinn í hvíld í klefa sínum. Með dóminum var vikið frá áralangri hefð um hlutlæga refsíabyrgð skipstjóra vegna fiskveiðabrota.
- Fallist er á það viðhorf sem fram kemur í frumvarpinu að setja beri almennar reglur um tilhögun refsíabyrgðar lögaðila, fyrst og fremst lútandi að skilyrðum refsíabyrgðarinnar og því hverjir geti sætt henni. Heimildirnar til þess að beita lögaðila refsingu, sektum, verði hins vegar í sérlögum eða einstökum ákvæðum laga, þar sem eðlilegt þykir að mæla fyrir um refsíabyrgð lögaðila á annað borð, eins og áður sagði.

II.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er þess getið að litið hafi verið til ákvæða norrænna hegningarlaga um refsíabyrgð lögaðila. Með samanburði við ákvæði í hegningarlögum annarra Norðurlanda á þessu sviði má glögglega ráða að dönsku lögin, lög nr. 474, 12. júní 1996, hafa verið nýtt sem fyrirmynd en þó vikið frá þeim í nokkrum veigamiklum atriðum eins og getið verður hér á eftir. Danir nefna

fyrirkomulagið sem þeir völdu í þessum efnum “udfyldningsmodellen” andstætt “hjemmelsmodellen” sem Norðmenn völdu. Udfyldningsmodellen mætti e.t.v. nefna stýrileiðina, sbr. fyrirkomulagið eða þá leið sem frumvarpið felur í sér. “Hjemmelsmodellen” geymir hins vegar almenna heimild til að beita hvers konar refsíákvæðum gagnvart lögaðilum jafnt sem einstaklingum.

III.

Hér verður vikið að einstökum ákvæðum frumvarpsdraganna m.a. með hliðsjón af sambærilegum ákvæðum í dönsku hegningarlögunum eins og áður segir.

Um 1. gr.

a (19. gr.a.)

Efast er um að ástæða sé til og eðlilegt að nefna sviptingu starfsréttinda í sömu andrá og fésektir á hendur lögaðila. Virðist einfaldast að mæla fyrir um sviptingu starfsréttinda lögaðila og skilyrði hennar í sérlögum eða sérstökum lagaákvæðum, þar sem við þykir eiga, án sérstakra leiðbeininga í almennum hegningarlögum.

Ákvæði um sviptingu starfsréttinda er ekki meðal sambærilegra ákvæða í dönsku hegningarlögunum.

b. (19. gr.b.)

Það vekur athygli að ákvæðið virðist ekki ná yfir einkafirmu; starfsemi sem telst sambærileg þeirri sem rekin er t.d. á vegum hlutafélags en rekin í nafni einstaklings. Danska fyrirmyndin tekur á þessu og einnig er þessa reksturs sérstaklega getið í norsku hegningarlögunum sjá 2. mgr. 48. gr. a norsku hegningarlaganna.

Danska ákvæðið, 2. mgr. 26. gr. hegningarlaganna, er svohljóðandi: *“Endvidere omfatter sådanne bestemmelser enkeltmandsvirksomheder, for så vidt disse navnlig under hensyn til deres størrelse og organisation kan sidestilles med de i stk. 1 nævnte selskaber.”*

c. (19. gr.c.)

Ákvæðin um refsíábyrgð lögaðila eiga, samkvæmt frumvarpinu og undirstöðurökum, að vera stýrandi og upplýsandi þar sem þau kveða á um hverjir geti sætt refsíábyrgð og á hvaða forsendum. Þetta hlutverk þeirra verður að litlu þegar mælt er fyrir um að sérlög geti kveðið á um aðra skipan refsíábyrgðarinnar. Með því er að sumu leyti ýtt undir að sérlög sem sett verði síðar geymi önnur refsiskilyrði en þessi sem ákvæðin í frumvarpinu mæla fyrir um. Svo ætti ekki að vera.

Þá vekur athygli að efni ákvæðisins að öðru leyti er nokkuð annað en í sambærilegum ákvæðum dönsku laganna og virðist ekki grípa á atriðum sem fjallað hefur verið nokkuð um að undanförmu í ræðu og riti á Norðurlöndum og víðar um refsíábyrgð lögaðila (anonyme og kumulative fejl). Sambærilegt ákvæði dönsku hegningarlaganna, 1. mgr. 27. gr., er svohljóðandi: *“Strafansvar for en juridisk*

person forudsætter, at der inden for dens virksomhed er begået en overtrædelse der kan tilregnes en eller flere til den juridiske person knyttede personer eller den juridiske person som sådan”.

Í greinargerð með frumvarpinu, sem hér er til umfjöllunar, segir að vísu að ekki sé gerð krafa um að staðreynt hafi verið hvaða maður á vegum lögaðilans hafi gerst sekur um verknaðinn heldur sé nægilegt að sýnt hafi verið fram á að refsiverður verknaður hafi verið unninn af einhverjum á hans vegum. Þetta virðist þó ekki koma skýrt fram í sjálfu ákvæði frumvarpsins með orðalaginu “...fyrirvarismaður lögaðilans, starfsmaður hans eða einhver annar á hans vegum...”. Þá virðist ekki gert ráð fyrir að lögpersóna geti sætt refsíabyrgð á verknaði sem framinn er í starfseminni og þannig að enginn einn maður verði lögum samkvæmt dreginn til ábyrgðar fyrir hann (kumulereðe fejl).

IV.

Í athugasemdum með frumvarpinu er hugtakið **sérrefsilög** notað á nokkrum stöðum. Sérrefsilög eru í raun öll lög, önnur en almenn hegningarlög, sem geyma refsíákvæði. Þar sem fjallað er um 1. gr. í athugasemdunum, þ.e. 19. gr. a, segir að heimilt sé að láta lögaðila sæta refsíabyrgð **ef sérrefsilög kveða með skýrum hætti á um slíka heimild**. Samkvæmt þessu orðalagi athugasemdanna virðast höfundar frumvarpsins ekki gera ráð fyrir því að ákvæði í almennum hegningarlögum geti geymt heimild til að refsa lögaðila fyrir brot á viðkomandi ákvæði. Í frumvarpsgreininni, 19. gr. a, segir hins vegar að lögaðila verði gerð fésekt **þegar lög mæla svo fyrir**. Orðalag greinarinnar gefur alls ekki tilefni til að ætla að ekki verði sett heimild til að refsa lögaðila fyrir brot í einstök ákvæði almennra hegningarlaga, þ.e. þar sem við þykir eiga. Í þessu sambandi þykir ástæða til að benda á, í dæma skyni, hið nýja ákvæði 264. gr. almennra hengingarlaganna um peningabætti. Færi vel á að það geymdi heimild til að refsa lögaðila fyrir brot á ákvæðinu, a.m.k. fyrir gáleysisbrot. Lýkur umsögninni hérmeð.



Bogi Nilsson

Nefndasvið Alþingis

Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK